

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2008

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 453/2008 frá 23. apríl 2008 um ársfjórðungslegar hagskýrslur um laus störf í Bandalaginu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 18ub (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 10/2008) í XXI. viðauka við samninginn:

„18v. **32008 R 0453**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 453/2008 frá 23. apríl 2008 um ársfjórðungslegar hagskýrslur um laus störf í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 234).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þessi reglugerð tekur ekki til Liechtensteins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 453/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 37, og EES-viðbæti við Stjtíð. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 234.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.